

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til þess að leiðrétta atriði í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sem snerta togveiðiheimildir íslenskra skipa á þrem tilteknum svæðum og ennfremur eina ritvillu í staðarákvörðun.

Lög þessi voru samþykkt á Alþingi 19. maí 1976 og öðlast gildi 1. júlí 1976.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í stað orðanna í 3. gr. B1. „austur frá Langanesi (vms 10)“ komi orðin: norðaustur frá Langanesi (vms 10).

2. gr.

B3 í 3. gr. orðist svo: Frá línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms 10) að línu réttvísandi austur frá Glettinganesi (vms 13) er skipum, 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 6 sjómílar utan við viðmiðunarlínu.

3. gr.

C8 í 3. gr. orðist svo: Frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum (vms 19) að línu réttvísandi suður af Hvalnesi (64°24'1 n.br., 14°32'5 v.lg.), er öllum skipum heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílar utan við viðmiðunarlínu á tímabilinu frá 1. maí til 31. desember.

4. gr.

E1 í 3. gr. orðist svo: Utan línu sem dregin er 5 sjómílar utan við Geirfugladrang úr punkti í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang í punkt í 6 sjómílnafjarlægð réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 40), er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.

5. gr.

F1 í 3. gr. orðist svo: Utan línu, sem dregin er frá punkti í 6 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 40) þaðan í punkt 65°05'0 N og 24°27'5 V, þaðan í punkt 65°05'0 N og 24°42'5 V og þaðan í punkt í 12 sjómílna fjarlægð rétt-

vísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 43), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1976.

Gjört í Reykjavík 16. júní 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.